

Reykjavík 28.apríl 2005

Félag kvikmyndagerðarmanna

Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið Þingskjal 974 - 643 mál.

3. grein

Í þriðju greinina vantar ákvæði um að öðrum þegnum þessa lands en starfsmönnum Ríkisútvarpsins sé veittur aðgangur að efni í eigu stofnunarinnar til framleiðslu á hljóðvarps- og kvikmyndaefni.

Flestar eða allar útvarps- og sjónvarpsstöðvar í þjóðareigu varðveita stórann og merkilegan hluta af sögu þjóða sinna í mynda- og hljóðsöfnum sínum. Þessi þjóðareign má ekki verða einkaeign Ríkisútvarpsins og þeirra sem þar starfa. Því hefur víðast verið farin sú leið að veita Sjálfstæðum kvikmyndafrirtækjum og almenningi aðgang að þessu efni með því að selja það, þá eðlilegu verði, til brúks í verk sem unnin eru utan stofnananna sjálfra.

Auk þess að veita þannig lýðræðislegan aðgang að þessum sameiginlega arfi þjóðarinnar skapar þetta Ríkisútvarpinu tekjur.

Í dag selur Ríkisútvarpið nokkuð af slíku efni en þau viðskipti eru háð geðþótta stjórnenda og engin fyriræli til í lögum um slíka starfsemi.

Athygli er vakin á að ákvæði 3. greinar # 2,3,14 og 15 vísa til sölu og dreifingar á efni til einkaaðila en ekki til notkunar í framleiðslu á hljóðvarps- eða kvikmyndaefni.

5. grein

Þessi grein er svo almenn að hún er marklaus.

Á Íslandi er rekinn töluverður kvikmyndaiðnaður í einkaeigu. Þessi iðnaður hefur mikla möguleika til að framleiða hverskonar kvikmyndaefni sem getur orðið veruleg útflutningsvara ef við berum gæfu til að hlúa að þróun hans. Einn af þeim þáttum sem nauðsynlegir eru til þess að þessi iðnaður geti þróast, í hvaða landi sem er, er að ríkisstöðvarnar virki þessi fyrirtæki til framleiðslu á innlendu efni.

Samkvæmt lögum Evrópusambandsins er ber Ríkisútvarpinu að nota 10% af dagskrárfé sínu til kaupa á efni frá evrópskum framleiðendum. Það mark hefur ekki náðst. Í Bretlandi er gengið mun lengra í þá átt að virkja BBC til að efla innlendan kvikmyndaiðnað með því að BBC kaupir 25% af dagskrárefni sínu af innlendum framleiðendum og hyggst enn auka hlut þeirra samanber þessa tilvitnun í Grænu bók BBC:

"In television, the BBC has put forward some proposals that it says will make the commissioning process more competitive, by establishing a new 'window of creative competition' – between

BBC inhouse production and external producers – for 25% of the hours that are commissioned, in addition to the existing 25% of commissions that are reserved for independent producers."

Ef það er vilji Alþingis að efla íslenskan kvikmyndaiðnað og virkja þá krafta og það hugvit sem þar er til í þágu Ríkisútvarpsins er nauðsynlegt að kveða fastar að orði en nú er gert með orðalaginu: "skal kosta kapps um að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar".

Við leggjum til að hér verði bætt inn setningunni:

A.m.k. fjórðungur þess efnis sem Ríkisútvarpið framleiðir árlega skal keyptur af sjálfstöðum framleiðendum.

6. grein

Í þessari grein er opnað fyrir möguleika Ríkisútvarpsins til að stofna eða eiga í öðrum fyrirtækjum. Slíkt getur verið nauðsynlegt en getur hinsvegar einnig verið varasamt.

Íslenskur kvikmyndaiðnaður hefur af því miklar áhyggjur að þetta ákvæði geti verið notað með þeim hætti að Ríkisútvarpið fari inn á starfsvið þessara fyrirtækja svo á eftir verði sviðin jörð. Ríkisútvarpið er þegar langstærsti framleiðandi kvikmyndaefnis á Íslandi og ef það eykur enn umsvif sín á því sviði getur sjálfstæður kvikmyndaiðnaður okkar þurrkast út sem varla getur verið vilji þingsins. Við leggjum því til að í þessa grein verði bætt setningunni:

Ríkisútvarpinu er þó ekki heimilt að eiga hlut í framleiðslufyrirtæki á sviði kvikmyndagerðar.

Með vinsemd og virðingu,
stjórn Félags kvikmyndagerðarmanna.

Bestu kveðjur,
Björn